

Flóahreppur  
Þingborg  
801 Selfoss

Hafnarfjörður 12. maí 2026  
Tilv. 2026-03-30-0566/2.3.1

## Efni: Uppsetning hreinsistöðvar í nágrenni Hróarsholtslækjar

Í umsókn sem barst Fiskistofu þann 30. mars síðastliðinn leitar Flóahreppur eftir heimild til að setja upp hreinsistöð í nágrenni Hróarsholtslækjar, vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á nýju íbúðarsvæði við Þingborg (staður: 63.938953°, -20.817189°). Umsókninni fylgja upplýsingar um framkvæmdina, umsagnir Hafrannsóknastofnunar (dags. 10.03.2026 og 17.04.2026) varðandi möguleg áhrif framkvæmdarinnar á lífríkið og umsögn stjórnar Veiðifélags Flóamanna (dags. 29.03.2026). Við úrlausn umsóknarinnar voru einnig tekin til skoðunar ýmis önnur gögn, líkt og áhrifamat fyrir vatnshlot (dags. 4.12.2025), umsögn Fiskirannsóknna ehf. sem Veiðifélag Flóamanna aflaði (dags. 23.03.2026), umsögn Stangveiðifélags Selfoss (dags. 24.03.2026) og umsögn Skipulagsstofnunar (dags. 21.10.2022). Þar að auki aflaði Fiskistofa upplýsinga frá Umhverfis- og orkustofnun og Heilbrigðiseftirliti Suðurlands.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar um framkvæmdina kemur m.a. fram:

*„Mjög mikilvægt er að vel sé gengið frá frárennsli. Hreinsa þarf skólþ þannig að það hafi ekki óæskileg áhrif á árvatnið. Í reglugerð nr. 789/1999 segir að skólþ skuli hreinsa með ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa ef viðtaki er viðkvæmur eða nýtur sérstakrar verndar vegna nytja, lífríkis, jarðmyndana eða útivistar, auk annarra sérstakra vatnsverndunarsvæða. Í greinargerð Flóahrepps verður ekki annað séð en að vel verði stadið að frárennismálum.“*

Einnig kemur fram:

*„Í greinargerð Flóahrepps er gert ráð fyrir notkun blágrænna lausna við frárennsli ofanvatns, þar sem gróður og jarðvegur muni taka á móti vatninu og síá burtu möguleg óæskileg mengunarefni áður en regn og leysingavatn nær til Hróarsholtslækjar. Sé slík lausn vel útfærð og grænu svæðin, sem taki við ofanvatninu, nægilega stór að flatarmáli þá er líklegt að lausnin sé fullnægjandi.“*

Í uppfærðri umsögn Hafrannsóknastofnunar um framkvæmdina var því bætt við að:

- Umhverfis og orkustofnun færi með almenna umsjón með stjórnslu fráveitumála og forsjá um hvort nægjanlega sé hugað að frárennismálum.
- Reglugerð nr. 1450/2025 geri einmitt kröfu um aðskilnað ofanvatns og skólps til að draga úr álagi á fráveitur. Í reglugerðinni er einnig kveðið á um að ofanvatnið skuli hreinsað (ef við á) áður en það er losað í viðtaka. Það er hægt að gera með því að safna ofanvatni í setþró/settjörn, þar sem óæskilegum efnum er ætlað að setjast til áður en vatni er veitt til viðtaka.
- Lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011 kveði á um að vatn njóti heildstæðrar verndar og að vatnsgæðum megi ekki hraka. Æskilegt væri að meta grunnástand Hróarsholtslækjar til að hægt verði með vöktun hvort framkvæmdir komi til með að hafa neikvæð áhrif á vatnsgæði.
- Skyld væri að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki, vegna framkvæmda sem hafa í för með sér röskun á



votlendum eða öðrum vistkerfum og jarðminjum sem vernduð eru skv. 61. gr. Áður en leyfi er veitt skuli leyfisveitandi leita umsagnar Náttúruverndarstofnunar og viðkomandi náttúruverndarnefndar nema fyrir liggi staðfest aðalskipulag og samþykkt deiliskipulag.

Í umsögn stjórnar Veiðifélags Flóamanna kemur m.a. fram:

„Veiðifélag Flóamanna mótmælir staðsetningu hreinsistöðvar á þessum stað í nýrri íbúðabyggð við Þingborg. Veiðifélagið telur að staðsetning sú sem teiknuð er á skipulagsupphætti geti verið skaðleg fyrir lífríkið í Hróarsholtslæk. Við teljum það ótækt með öllu að vera með Hróarsholtslæk sem viðtakandi á afrennsli frá hreinsistöðinni. Reikna má með að mengun frá skólpinu endi í læknum ef fyrirhuguð staðsetning verður fyrir valinu. Ekkert mat hefur verið lagt á það hversu góður viðtakandi Hróarsholtslækur er fyrir affallsvatn úr umræddri hreinsistöð. Áætla má að rennsli í læknum sé að meðaltali 0,2-0,4 m<sup>3</sup> á sek. á veturna og verður að teljast hæpið að það dugi sem viðtakandi fyrir fyrirhugaðar 70 íbúðir.“

Í umsögn Fiskirannsóknna ehf. kemur eftirfarandi fram í niðurstöðukafla:

„Að teknu tilliti til framangreinds leggst undirritaður fiskifræðingur alfarið gegn fyrirhugaðri staðsetningu hreinsistöðvar við Hróarsholtslæk og telur að framkvæmdin uppfylli hvorki fagleg né lagaleg skilyrði og ætti því ekki að hljóta samþykki.“

Í upplýsingum sem Fiskistofa aflaði frá Umhverfis- og orkustofnun kom eftirfarandi fram:

„Skv. deiliskipulagi sveitarfélagsins, þá leggur sveitarfélagið ríkari kröfur á sjálft sig en reglugerð nr. 1450/2025 um fráveitur og skólphreinsun kveður á um hvað varðar kröfur um árangur skólphreinsunar á svæðum þar sem vatnshlot hafa ekki verið flokkuð sem viðkvæmir viðtakar m.t.t. næringarefna. Innra eftirlit fráveitunnar sker úr um það hvort árangur skólphreinsunarinnar er í samræmi við þessar kröfur og er það á ábyrgð sveitarfélagsins að sinna því eftirliti, þegar að því kemur í framtíðinni, undir frekara eftirliti Heilbrigðiseftirlits Suðurlands. Samkvæmt lögum og regluverki um stjórn vatnamála þá skulu einnig umhverfismarkmið um öll vatnshlot vera uppfyllt, og ástandi vatnshlota má ekki hraka, t.a.m. vegna framkvæmda. Umhverfismarkmið, gæðaðættir sem nýttir eru við mat á ástandi vatnshlota o.s.fr.v. eru nánar skilgreind í regluverkinu. Ef grunur er um að vatnshlot geti fallið niður um gæðaflokk vegna framkvæmda þá þarf að grípa til aðgerða til að afstýra því. Því þarf að framkvæma svokallað áhrifamat vatnshlota. Ef slíkt mat bendir til þess að vatnshlot haldist í sama gæðaflokki þrátt fyrir framkvæmdina, þá má ætla að regluverkið um stjórn vatnamála standi ekki í vegi fyrir því að af framkvæmdinni geti orðið.“

Í upplýsingum sem Fiskistofa aflaði frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands kom eftirfarandi fram:

„Starfsleyfisumsókn Flóahrepps fyrir hreinsivirki að Þingborg, er til meðferðar hjá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands og hafa starfsleyfisskilyrði verið auglýst í samræmi við gildandi reglur. Endanleg útgáfa starfsleyfis er háð því að auglýsingatíma ljúki. Að því gefnu að umsækjandi skili inn þeim gögnum og uppfylli þau skilyrði sem gerð hafa verið krafa um, og að ekki berist málefnalegar og rökstuddar athugasemdir á auglýsingatíma sem gefa tilefni til annars, er það mat Heilbrigðiseftirlits Suðurlands að starfsleyfi verði veitt að auglýsingatíma loknum.“

Að teknu tilliti til umsagna Hafrannsóknastofnunar, upplýsingum frá Umhverfis- og orkustofnu, upplýsinga frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, áhrifamati fyrir vatnshlot, öðrum gögnum málsins og með vísan til 33. greinar laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði fellst Fiskistofa á að Flóahreppur setji upp hreinsistöð á umræddu svæði (staður: 63.938953°, -20.817189°). Fiskistofa leggur áherslu á að gengið verði snyrtilega frá svæðinu að framkvæmdum loknum. Heimildin gildir til 12. maí 2031.



Fiskistofa bendir jafnframt á að fyrirhuguð framkvæmd kann að varða 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd en þar er kveðið á um sérstaka vernd votlendis og segir að forðast beri að raska þeim nema brýna nauðsyn beri til. Vænta má þess að Sveitafélagið Flóahreppur horfi til þess við meðferð umsóknar um framkvæmdaleyfi.

Almennar upplýsingar um leyfið eru birtar á upplýsingaveitunni Hafsjá (fiskistofa.is).

Fiskistofa vekur athygli á því að gjald er tekið fyrir leyfisveitingu vegna framkvæmda við ár og vötn (27.800 kr.) í samræmi við auglýsingu nr. 50/2025. Reikningur verður sendur í heimabanka.

*Fiskistofa bendir á eftirfarandi:*

- Uppfylla þarflagaskilyrði gagnvart viðkomandi landeigendum áður en framkvæmd hefst.
- Framkvæmdir við veiðivötn kunna að vera háðar framkvæmdaleyfi viðkomandi sveitafélags.
- Framkvæmdir innan friðlýstra svæða eru háðar leyfi Náttúruverndarstofnunar.

Virðingarfyllt,  
F.h. Fiskistofu

Guðni Magnús Eiríksson  
Sviðsstjóri lax- og silungsveiðisviðs



